

## Samstarfssamningur milli Hveragerðisbæjar og Íþróttafélagsins Hamars fyrir árin 2024-2026

Hveragerðisbær, kt. 650169-4849, Breiðumörk 20, 810 Hveragerði (einnig nefnt bærinn) og Íþróttafélagið Hamar, kt. 620492-2569, Skólamörk 6, 810 Hveragerði (einnig nefnt Hamar og félagið) gera með sér eftirfarandi samstarfssamning.

1. gr.

### Markmið

Samningi þessum er ætlað að efla starf Íþróttafélagsins Hamars og tryggja öflugt íþróttá-, forvarna- og tómsundastarf fyrir börn og ungmenni í Hveragerðisbæ auk þess að hlúa að almenningsíþróttum og hvers kyns félagsstarfi íþróttafólks. Mikilvægt er að í íþróttastarfi hafi allir tækifæri til þess að taka þátt. Áhersla er lögð á mikilvægi þess öfluga starfs sem fer fram innan íþróttafélagsins Hamars fyrir samfélagið í heild. Til þess að félagið geti rækt hlutverk sitt styrkir Hveragerðisbær Íþróttafélagið Hamar árlega með beinum og óbeinum fjárframlögum auk þess sem félagið tekur að sér tiltekin afmörkuð verkefni fyrir Hveragerðisbæ gegn greiðslu.

2. gr.

### Skýldur Hamars

Aðalstjórn Hamars hefur yfirumsjón með öllum samskiptum deilda innan félagsins við menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa Hveragerðisbæjar. Öll erindi Hamars til Hveragerðisbæjar skulu send menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa og svara bæjaryfirvöld erindum formlega eins fljótt og kostur er. Aðalstjórn Hamars skal sjá til þess að samningurinn verði kynntur fyrir stjórnnum deilda félagsins. Sé þess óskað tekur menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi bæjarins þátt í þeirri kynningu.

Aðalstjórn Hamars skal skila ársskýrslu og nauðsynlegum upplýsingum um starfsemi félagsins með gögnum frá aðalfundi til menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa Hveragerðisbæjar ár hvert að afloknum aðalfundi.

Íþróttafélagið Hamar innleiðir gæðaverkefni ÍSÍ, Fyrirmyndarfélag, í allar deildir félagsins og uppfyllir á samningstímanum þá gæðastaðla sem þarf til að fá viðurkenningu sem Fyrirmyndarfélag ÍSÍ.

Íþróttafélagið Hamar ræður til sín framkvæmdastjóra í fullt starf á árinu 2024. Á gildistíma samnings þessa mun framkvæmdastjóri Hamars meðal annars vinna að því að Hamar nái viðurkenningunni Fyrirmyndarfélag ÍSÍ auk þess að halda utan um fjármál og rekstur félagsins. Hveragerðisbær veitir Hamri styrk til þriggja ára vegna stöðu framkvæmdastjóra félagsins.

Félagið skal hafa skýra stefnu í jafnréttis- og vímuvarnarmálum auk eineltisáætlunar. Stefnur félagsins skulu einnig innihalda viðbragðsáætlanir varðandi ofbeldi og kynferðislega áreitni. Hveragerðisbær býður fram fagþekkingu og aðstoð sveitarfélagsins við slíka vinnu.

Hamar býður upp á skipulagt íþróttastarf fyrir börn og unglínga undir leiðsögn vel menntaðra og hæfra leiðbeinenda þar sem lýðheilsa og forvarnargildi íþróttu eru höfð að leiðarljósi. Einnig skal Hamar hlúa að keppnis- og afreksíþróttafólki þannig að það geti náð sem bestum árangri. Þá leggur Hamar metnað í að þjónusta og hlúa að almenningsíþróttum og hvers kyns félagsstarfi íþróttafólks.

Íþróttafélaginu Hamri er skylt að koma skjölum félagsins til varðveislu á Héraðsskjalasafn Árneseinga sbr. lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.



3. gr.  
*Skyldur Hveragerðisbæjar*

a. Beinn fjárstyrkur

Beinn fjárstuðningur Hveragerðisbæjar við Íþróttafélagið Hamar á árunum 2024-2026 er eftirfarandi:

Rekstrarstyrkur vegna barna- og ungmennastarfs, meistaraflokka, íþróttasvæða. Einnig rekstrarstyrkur vegna íþróttasvæða, fjárveiting í ferðasjóð og fjárveiting í tækja- og áhaldasjóð. Fjárstuðningur vegna þessa verður:

- Árið 2024 kr. 13.500.000.-
- Árið 2025 kr. 15.000.000.-
- Árið 2026 kr. 15.500.000.-

Hveragerðisbær veitir Íþróttafélaginu Hamri tímabundinn styrk til þriggja ára vegna starfs framkvæmdastjóra félagsins. Styrknum ár hvert er deilt niður á 12 mánuði og er greiddur mánaðarlega í þá mánuði sem framkvæmdastjóri er starfandi. Árið 2024 deilist styrkur vegna framkvæmdastjóra á 10 mánuði, frá og með mars að telja. Hafi ekki verið ráðið í starfið dregst mánaðargreiðslan fyrir hvern mánuð frá þar til undirrituðu afriti af ráðningarsamningi við framkvæmdastjóra Hamars, eða annarri staðfestingu á ráðningu sem Hveragerðisbær tekur gilda, hefur verið skilað til menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa Hveragerðisbæjar. Fjárstuðningur vegna framkvæmdastjóra verður eftirfarandi á samningstímanum:

- Árið 2024 kr. 11.000.000.-
- Árið 2025 kr. 13.500.000.-
- Árið 2026 kr. 14.000.000.-

Samantekt á beinu fjárframlagi Hveragerðisbæjar er eftirfarandi á samningstímanum:

	2024	2025	2026	Samtals
Rekstrarstyrkur	13.500.000	15.000.000	15.500.000	44.000.000
Styrkur v. framkvæmdastjóra	11.000.000	13.500.000	14.000.000	38.500.000
<b>Samtals</b>	<b>24.500.000</b>	<b>28.500.000</b>	<b>29.500.000</b>	<b>82.500.000</b>

b. Afnot af íþróttastöðu, leiga á viðbótaraðstöðu og rútuferðir

Auk beinna fjárstyrkja Hveragerðisbæjar til Íþróttafélagsins Hamars fær félagið til afnota íþróttahúsið við Skólamörk eftir að Grunnskólinn í Hveragerði hefur lokið íþróttakennslu, Sundlaugina Laugaskarði, íþróttavelli bæjarins, Hamars- og Grýluvöll auk annarrar aðstöðu til íþróttaiðkunar í bænum. Aðalstjórn Íþróttafélagsins sér um að útteila æfingatímum í íþróttamannvirkjum bæjarins til deilda félagsins í samráði við forstöðumenn. Hver tími er reiknaður sem styrkur til Íþróttafélagsins Hamars. Heildarverðmæti hans fyrir öll íþróttamannvirkin árið 2024 er áætlaður kr. 54.121.000,-

Einnig greiðir Hveragerðisbær fyrir aðstöðu til íþróttaiðkunar á Selfossi, í Ölfusi og Reykjavík, samkvæmt samkomulagi aðila hverju sinni, meðan aðstaða er takmörkuð í Hveragerði.

Þá sér Hveragerðisbær um rútuferðir til æfinga á Selfossi, í Þorlákshöfn og á æfingasvæði í Reykjadal.

c. Vinnuskóli Hveragerðisbæjar

Vinnuframlag frá Vinnuskóla Hveragerðisbæjar vegna íþróttanámskeiða og -valla, skal vera í formi launa til unglunga í samræmi við vinnutíma þeirra hjá Vinnuskólanum ásamt launum flokkstjóra allt að kr. 800.000,-. Skipulag vinnunnar skal vera í fullu samráði við forstöðumann Vinnuskólans.

d. Trygging iðkenda

Hveragerðisbær slysatryggir börn og ungmenni að 18 ára aldri við skipulagðar æfingar og keppni á vegum félagsins með sömu tryggingarskilmálum og börn og ungmenni í grunnskóla.

4. gr.

*Ýmislegt*

a. Auglýsingar í íþróttamannvirkjum

Í fjáröflunarskyni er félaginu og einstökum deildum heimilt að setja upp auglýsingaskilti í íþróttahúsinu við Skólamörk og við Grýluvöll í samráði við menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa og/eða forstöðumenn eða vallarstjóra. Gera skal ráð fyrir merki bæjarfélagsins miðsvæðis eða á áberandi stað í öllum mannvirkjum í eigu bæjarfélagsins. Kostnaður við gerð auglýsingaskilta, uppsetning og viðhald er á ábyrgð félagsins.

b. Kostnaður við mótahald og afnot mannvirkja

Félagið og/eða einstakar deildir þess geta, eftir því sem verður við komið, óskað eftir afnotum af mannvirkjum í bæjarfélaginu vegna viðburða, s.s. keppni, æfingabúða, íþrótt- og frístundaskóla í samráði við menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúa og/eða forstöðumenn íþróttamannvirkja. Félaginu og/eða einstaka deildum er skylt að skipa ábyrgðarmann 20 ára eða eldri vegna viðburða og skal hann vera viðstaddur á meðan viðburðurinn stendur yfir.

c. Sölustarfsemi

Félaginu og einstökum deildum er heimil veitingasala í íþróttamannvirkjum í tengslum við mót og aðra viðburði á vegum félagsins í samráði við forstöðumann/vallarstjóra íþróttamannvirkisins. Félagið eða deildir þess útvega allt sem til þarf vegna sölunnar, skipa ábyrgðarmann og sjá um að allt sé vel frágengið (veitingasvæði og stúka), hreinsað og gróft þrifið að mótí loknu.

d. Umgengni

Félagið skuldbindur sig til að sjá til þess að iðkendur, keppendur, þjálfarar og aðrir starfsmenn félagsins og deilda þess gangi vel um og fari í einu og öllu að umgengisreglum íþróttamannvirkja á æfingum, mótum og öðrum viðburðum á vegum félagsins. Á öllum viðburðum og mótum skal deildin hafa ábyrgðarmann sem sér um alla framkvæmd mótsins. Að loknu mótí eða öðrum viðburðum skal ábyrgðarmaðurinn sjá til þess að allt húsnæðið og/eða svæðið sé hreinsað og grófþrifið. Gerð er krafa um að náð samráð sé á milli þjálfara/mótsstjóra/ábyrgðarmanna og viðkomandi starfsmanna auk forstöðumanns íþróttamannvirkis. Verði tjón á húsnæði og/eða munum skal það tafarlaust tilkynnt með formlegum hætti til menningar-, atvinnu og markaðsfulltrúa, skólastjóra eða forstöðumanns, eftir því sem við á hverju sinni.

e. Ábyrgð þjálfara vegna iðkenda

Til að koma í veg fyrir einelti og til að halda uppi aga skal það vera meginregla að þjálfari mæti 10 mínútum fyrir æfingu til að fylgja sínum hópi til búningsklefa og skal þjálfari ávallt vera til staðar í eða við búningsklefa á meðan iðkendur hafa fataskipti. Með sama hætti skal þjálfari fylgjast með skjólstæðingum sínum að æfingu lokinni og yfirgefi þjálfari ekki mannvirkíð fyrr en allir iðkendur eru farnir út.

5. gr.  
Verkefni

Íþróttafélagið Hamar samþykkir að taka að sér sérstök verkefni fyrir Hveragerðisbæ eins og gert hefur verið undanfarin ár t.d. á sviði hreinsunar, umhverfismála, hátíðarhalda og annarra verkefna sem til kunna að falla á hverjum tíma. Sérstakt samkomulag um greiðslur fyrir verk skal gert á milli Íþróttafélagsins Hamars og bæjarfélagsins hverju sinni út frá umfangi þeirra.

a. Kynning á íþróttastarfi

Íþróttafélagið og deildir þess skulu í samstarfi við Hveragerðisbæ sjá um kynningu á íþróttanámskeiði fyrir yngstu iðkendurna (8 ára og yngri) og bjóða í kjölfarið upp á námskeið. Á íþróttanámskeiðinu skapast vettvangur til að undirbúa börn fyrir hinar hefðbundnu íþróttagreinar og er mikilvægt að kynna fjölbreytt starf íþróttadeilda Hamars. Það er æskilegt að aðili með réttindi til þjálfunar sjái um íþróttanámskeiðið.

b. Hátíðir í bæjarfélaginu

Bæjarfélagið styður við heilsutengda dagskrá sem deildir félagsins inna af hendi á hátíðum bæjarins. Dagskráin tengist deildum félagsins og getur til dæmis verið kynning á starfsemi deildanna til bæjarbúa og gesta. Dagskráin skal unnin í samvinnu við verkefnastjóra hátíðanna hverju sinni. Einnig er íþróttafélaginu heimilt að vera með fjáröflun á hátíðunum, s.s. sölubása eða annað.

6. gr.  
Vanefndir, gildistími o.fl.

Telji menningar-, atvinnu- og markaðsfulltrúi Hveragerðisbæjar þennan samning brotinn, skal hann snúa sér til aðalstjórnar Hamars og krefjast útbóta á því sem ábótavant er. Verði Hamar ekki við þeim kröfum er heimilt að rifta samkomulaginu.

Samningur þessi gildir til ársloka árið 2026. Heimilt er að endurskoða samning þennan árlega fyrir lok hvers árs. Verði verulegar breytingar á umfangi og/eða forsendum rekstrar hjá Íþróttafélaginu Hamri og/eða Hveragerðisbæjar sem leiða til forsendubrests samnings þessa geta samningsaðilar sagt honum upp með 3ja mánaða fyrirvara.

Samningur þessi leysir af eldri sambærilega samninga á milli Hveragerðisbæjar og Íþróttafélagsins Hamars sem og milli Hveragerðisbæjar og ýmissa deilda innan Íþróttafélagsins Hamars.

Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.


Samningur þessi skal staðfestur með undirritun aðila í votta viðurvist.

Hveragerði, dags. 11/3 2024

F.h. Íþróttafélagsins Hamars



F.h. Hveragerðisbæjar,  
með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar.



Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift aðila:

  
Nafn og kennitala 071075-5329

  
Nafn og kennitala